

Skimanir á landamærum og heimkomusmitgát vegna COVID-19

Leiðbeiningar fyrir vinnuveitendur, verslun og þjónustu

Farþegar á leið til Íslands þurfa að skrá sig fyrir komuna vegna opinberra aðgerða m.t.t. COVID-19. Þeir sem dvalið hafa á skilgreindum [áhættusvæðum](#) þurfa að velja:

- 14 daga sóttkví

eða

- skimun fyrir veirunni sem veldur COVID-19. Skimun fer fram á landamærastöð fyrir alla sem hana velja en sumir þurfa að fara í aðra sýnatöku 5 dögum síðar. Gjald er tekið fyrir skimun en er hið sama hvort sem tekið er eitt sýni við komu eða tvö sýni með 5 daga millibili.

Hverjir eiga að fara í tvær sýnatökur?

Allir sem eru búsettir hér á landi eða eiga víðfeðmt tengslanet hér þótt búseta sé erlendis ættu að fara í tvær sýnatökur. Þar að auki þurfa allir sem dvelja hér í 10 daga eða lengur að fara í aðra sýnatöku, þ.m.t. þeir sem eru að flytja til landsins. Sérstaklega er mikilvægt að aðilar sem starfa hér eða eru við nám í lengri eða skemmri tíma, nýti þetta úrræði til að draga úr hættu á hópsýkingum, t.d. á vinnustað.

Skráning í síðari sýnatöku:

- a) Einstaklingar sem velja skimun á landamærum og þurfa að viðhafa [heimkomusmitgát](#) verða sjálfvirkt merktir í gagnagrunn sóttvarnalæknis fyrir síðari sýnatöku ef eftirfarandi á við:
 - íslensk kennitala, íslenskt ríkisfang, búseta á Íslandi og allir sem hyggjast dvelja hér í 10 daga eða lengur, skv. forskráningu.
 - Þessir einstaklingar fá tölvupóst með boð í síðari sýnatöku ef fyrri sýnataka er neikvæð.
- b) Einstaklingar sem velja skimun á landamærum og mælst er til að viðhafi heimkomusmitgát og fari í aðra sýnatöku (þó þeir fái e.t.v. ekki sjálfkrafa boðun):
 - Þeir sem koma til landsins til náms eða starfa. Einstaklingar sem eru að flytjast til Íslands skulu skrá Ísland sem búsetuland í forskráningu.
 - Þeir sem hafa víðfeðmt tengslanet eða eru þátttakendur í íslensku samfélagi á annan hátt (t.d. fjölskyldumeðlimir einstaklinga sem eru búsettir á Íslandi).
 - Farþegar Norrænu sem hafa neikvæða niðurstöðu á veiruprófi frá Danmörku en hafa dvalið á áhættusvæði innan 14 daga frá komu eða þeir telja að ofangreint eigi við þá.

Ekki verður tekið sérstakt gjald fyrir síðari sýnatöku hjá þessum aðilum.

Fyrir þá sem koma hingað til vinnu er mælt með að flýta komu eða seinka upphafi vinnu um 5 daga til að hægt sé að virða heimkomusmitgát þangað til niðurstaða úr seinni sýnatöku hefur borist.

Á milli fyrri og síðari sýnatöku þarf að fylgja reglum um heimkomusmitgát. Ef síðara sýnið er neikvætt losnar viðkomandi undan heimkomusmitgát. Bæklingi um heimkomusmitgát verður dreift til komufarþega á landamærum. Ef fyrri sýnið er hins vegar jákvætt fer viðkomandi í [einangrun](#) og frekari rannsóknir skv. leiðbeiningum.

Heimkomusmitgát er mildara form af sóttkví en felur í sér að viðkomandi á að halda sér til hlés og ekki vera innanum fleiri en nauðsyn krefur. **Viðhafa þarf eftirfarandi:**

- Ekki fara í vinnu, á mannamót eða í veislur þar sem fleiri en tíu manns eru saman komnir. Á einnig við um heilsuræktar- og sundstaði sem og veitingastaði.
- Forðast samneyti við [fólk sem er í aukinni áhættu](#) fyrir alvarlegri veikindum vegna COVID-19.
- Gæta að tveggja metra reglunni í samskiptum við aðra.
- Heilsa ekki með handabandi og forðast faðmlög.
- Huga vel að einstaklingsbundnum sóttvörnum (handhreinsun, forðast óþarfa snertingu við andlit sitt og alla snertingu við andlit annarra, almennt hreinlæti og þrif á heimili, sérstaklega þar sem aðrir búa líka).

Ef hugað er vel að einstaklingsbundnum sóttvörnum:

- Má nota almenningssamgöngur til að komast á áfangastað.
- Má fara í göngu- og bíltúra.
- Má fara í búðarferðir eftir nauðsynjum.
- Má hitta vini og kunningja með ofangreindum takmörkunum.

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins (HH) hefur yfirumsjón með sýnatöku og vinnur með heilsugæslu á landsbyggðinni.

Í Reykjavík er sýnataka að **Suðurlandsbraut 34, 108 Reykjavík, jarðhæð**, á milli kl. 8:30 og 15:30 mánudag til föstudags og kl. 12:00 til 15:00 um helgar/hátíðisdaga. Sýna þarf skilríki og strikamerki. Strikamerki er tengt fyrri sýnatöku og er í tölvupósti hjá þeim sem eru sjálfvirk skráðir en aðrir eru skráðir á staðnum og fá þannig nýtt strikamerki.

Síðara sýni er tekið í fyrsta lagi 4 dögum eftir komu og ekki er hægt að mæta fyrir það.

Á landsbyggðinni þarf að bóka tíma á [viðeigandi heilsugæslustöð](#) en eftirfarandi stöðvar gera landamæraskimanir og geta skráð einstaklinga í síðari sýnatöku. Athugið að heilsugæslan er opin á milli 8:00 og 16:00 en ekki um helgar:

- **Akureyri:** HSN, er opið að Strandgötu 31, Akureyri, milli 13:00 og 15:00 mánudag til föstudags. Ekki þarf að panta tíma ef þú ert með strikamerki fyrir síðari sýnatöku.
- **Suðurnes:** HSS, Skólavegi 6, 230 Reykjanesbæ. Sími: 422 0500
- **Selfoss:** HSU, v/Árveg, 800 Selfoss. Sími: 432 2000
- **Vestmannaeyjar:** HSU, Sóhlíð 10, 900 Vestmannaeyjar. Sími: 432 2500
- **Höfn í Hornafirði:** HSU, Víkurbraut 26-31, 780 Höfn. Sími: 470 8600
- **Egilsstaðir:** HSA, Laugarás 17-19, 700 Egilsstaðir. Sími: 470 3000
- **Akureyri:** HSN, Hafnarstræti 99, 600 Akureyri. Sími: 432 4600 – sjá að ofan
- **Ísafjörður:** HVEST, Torfnesi, 400 Ísafjörður. Sími: 450 4500
- **Borgarnes:** HVE, Borgarbraut 65, 310 Borgarnes. Sími: 432 1430
- **Stykkishólmur:** HVE, Austurgötu 7, 340 Stykkishólmur. Sími: 432 1200

Vinnuveitendur geta haft samband við heilsugæsluna á staðnum eða HH til að skipuleggja síðari sýnatöku fyrir stærri hópa á vinnustöðum.

Yfirumsjón með sýnatöku á vegum HH hafa:

Jórlaug Heimisdóttir, Jorlaug.Heimisdottir@heilsugaeslan.is

Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir, ragnheidur.osk.erlendsdottir@heilsugaeslan.is

Agnar Darri Sverrisson, Agnar.Darri.Sverrisson@heilsugaeslan.is

Ef síðara sýni er neikvætt (engin merki um veiru) þá losnar viðkomandi úr heimkomusmitgát. Ef ekkert svar berst innan 24 klst þá er sýni neikvætt. Jákvæð niðurstaða (veira finnst) er tilkynnt símleiðis og viðkomandi þarf þá að fara í einangrun og frekari rannsóknir.

Sýni eru send á sýkla- og veirufræðideild Landspítala, Ármúla 1a. Verkefnastjóri þar er Guðrún Björg Sigurbjörnsdóttir gudrbsig@landspitali.is

Mikilvægt er að mæta í sýnatöku á boðuðum degi. **Smitrakningateymi almannavarna mun hafa samband við þá sem mæta ekki eftir ítrekun.**